

Vettvangsheimsókn í Ásgarð og Múlalund.

Í Ásgarði er 21 stöðugildi og í þeim starfa 30 fatlaðir einstaklingar. Sótt er um vinnu gegnum SSR og svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Atvinna með stuðningi fylgist með einstaklingum í Ásgarði m.t.t. möguleika á almennum vinnumarkaði. Samningur er við vinnumálastofnun og verkalýðsfélög. Full laun eru um 44. þúsund á mánuði til þeirra sem eru að framleiða. Aðrir sem hafa minni starfsgetu en mæta vel eru á bótum en fá greidda bónusa sem er listamannagreiðsla fyrir þá sem eru ½ daginn c.a. 6.00,- á mánuði og skerðast þá ekki bæturnar.

Samningur er við VEL um akstur á 5 einstaklingum þar sem almenn ferðþjónusta var ekki að nýtast fyrir þessa einstaklinga. Starfsmaður frá Ásgarði fer rúntinn á hverjum degi að sækja þessa einstaklinga heim til sín til og frá vinnu. Framleiddur er morgunverður og hádegisverður starfsfólki að kostnaðarlausu og er hráefni keypt f. sölulaun handverksins. Eins og sjá má á heimasíðu þeirra er mikið félagsstarf í gangi, ferðalög á sumrin, uppsetning á leikriti o.fl. og liggur framleiðsla að mestu niður meðan verið er að æfa leikritið.

Þarna vinna sömu einstaklingar ár eftir ár og sem dæmi hefur aðeins einn nýr starfsmaður bæst við á þessu ári.

Þarna er rekið trésmíðaverkstæði og unnið með málm, steina, leður og ull. Jólamarkaður Ásgarðs er árlega og má þar finna úrval fallegra muna. Allir velkomnir!

Starfsendurhæfing Múlalunds, mulalundur.is

Það er misjafnt hversu mikil hreyfing er þar á starfsfólki. Margir ílengjast á Múlalundi í árferði sem þessu og hafa jafnvel starfað þar í nokkur ár þar sem litla vinnu er að hafa á almennum markaði. Í sæmilegu árferði fara c.a. 15 manns út á almennan vinnumarkað árlega eftir starfsendurhæfingu á Múlalundi. Framkvæmdastjórinn hann Helgi segist sjá mikinn mun á starfsfólki með tímanum og margir hafa litla starfsgetu fyrst en eflast síðan með tímanum og gefur það starfi hans gildi að fylgjast með framförum og gefa fólki þann tíma sem það þarf. Atvinna með stuðningi hefur eftirlit með starfsmönnum m.t.t. atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði.

Helgi samdi við Strætó um ferðir alveg heim að dyrum að Múlalundi á ákveðnum tímum dagsins. Þetta er hlýlegur vinnustaður í fallegu umhverfi og almennt virtist fólk ánægt að sjá.